

S A M Þ Y K K T**um forkaupsrétt Kópavogskaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. grein skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

„Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar samþykkir samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1932 og 26. gr. laga nr. 19/1964 að áskilja Kópavogskaupstað forkaupsrétt að eftirtöldum fasteignum innan sveitarfélagsins:

Jörðunum Smárahvammi, Fífuhvammi, Vatnsenda, Gunnarshólma, Geirlandi (Miðmundarmýri).

Ennfremur eftirgreindum eignarlöndum úr jörðinni Lækjarbotnum:

Hamri, Seli, Selfjallaskála, Núpstúni. lóð Ívars Bjarnasonar, Skipholti 8, samkvæmt heimildarbréfi dags. 1. nóvember 1963.“

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. mars 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

R E G L U G E R ð**um gatnagerðargjöld við byggðar götur á Stöðvarfirði.****1. gr.**

Húseigendur á Stöðvarfirði S.-Múlasýslu, skulu greiða gatnagerðargjöld til sveitar-sjóð Stöðvarhrepps fyrir hús og lóðir um leið og götur eru lagðar bundnu slitlagi, B-gjald.

Við álagningu þessara gatnagerðargjalda skal nota eftirfarandi einingartölur:

1. Einbýlishús að 400 m ³ m./bifreiðageymslu	kr. 250 000
2. Parhús að 400 m ³	— 200 000
3. Íbúðarhús m./allt að 4 íbúðum og raðhús á einni hæð að 400 m ³	— 160 000
4. Raðhús á tveim hæðum að 400 m ³	— 120 000
5. Fjölbýlishús m./allt að 8 íbúðum á tveim hæðum að 300 m ³ ..	— 100 000
6. Fjölbýlishús m./fleiri en 8 íbúðir á þrem hæðum að 300 m ³	— 70 000
7. Verslunar- og skrifstofuhús pr. m ³	— 400
8. Iðnaðarhús og vörugeymslur pr. m ³	— 300
9. Umframstærðir í íbúðarhúsum pr. m ³	— 400
10. Útibús og vélageymslur pr. m ³	— 200
11. Viðbyggingar við eldri hús, ef húsið m./viðbyggingu verður meira en 400 m ³ pr. m ³	— 400
12. Lóðarhafar greiða pr. m ² lóðar	— 80
13. Lagningu slitlags á bifreiðastæði og gangstíga innan lóðar-marka greiða eigendur sjálfir	
14. Allar framangreindar einingartölur miðast við byggingavísitölu 1. ágúst 1977.	

2. gr.

Gatnagerðargjöld skv. 1. gr. skulu umreiknuð til samræmis við þá bygginga-visitölu, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram.

3. gr.

Gatnagerðargjald skv. 1. grein skal greitt með 5 jöfnum greiðslum í fyrsta skipti hinn 1. ágúst það ár. sem lagning fer fram og síðan 1. ágúst ár hvert, næstu 4 árin, síðustu greiðslu þarf þó ekki að inna af hendi, fyrr en endanlega hefur verið gengið frá viðkomandi götu með gangstétt.

4. gr.

Vextir af lánnum vegna gatnagerðargjalds skv. 3. grein, skulu vera hinir sömu og almennir vextir Bygðasjóðs á hverjum tíma.

Verði dráttur á endanlegum frágangi sbr. 3. grein, má eigi reikna vexti af síðustu greiðslu nema eitt ár, eins og ef enginn dráttur hefði orðið.

5. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það, ásamt vöxtum, fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla næstu fimm ár eftir 1. gjalddaga. Tekur þessi kvöð einnig til váttryggingafjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjald skv. reglugerð þessari lögtaki, skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi sem samín er og samþykkt af hreppsnfnd Stöðvarhrepps, staðfestist hér með, samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 22. mars 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING**um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar.****Aðgangseyrir:**

Fullorðnir, einstakir miðar	kr.	180
Börn	—	70
Forsala: 10 miðar, fullorðnir	—	1 300
Forsala: 10 miðar, börn	—	400
Leiga á sundskýlum, bolum, handklæðum	—	150
Gufubað	—	350
Sérklefi	—	250

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 264 30. júní 1977.

Félagsmálaráðuneytið, 20. mars 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.